



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Vigdísar Finnbogadóttur  
1. janúar 1992

Góðan dag, góðir áheyrendur.

Ég óska okkur Íslendingum gleðilegs nýárs og færi samtíðarmönnum mínum um landið allt þakkir fyrir gjöfult samstarf og góðar samverustundir á liðnum árum.

Við sérhver áramót er okkur einatt ofarlega í huga hve margir eiga við söknuð og sáran harm að glíma. Við erum með ýmsum hætti á það minnt hve brothætt mannlegt líf er. Náttúra landsins er okkur brosmild þegar best lætur, en ber með sér banvænan háska í hamförum sínum, – og óviðbúin skynjum við svo oft hvernig tíminn snýst snögglega til þungrar sorgar. Við skulum hugsa til þeirra sem eiga um sárt að binda á þessari stundu, landa okkar sem séð hafa á bak þeim er næst þeim stóðu. Við sýnum þeim þá samhygð sem betra er að eiga en að vera án.

Áramótahugleiðingar okkar hljóta ávallt að vera með einum eða öðrum hætti tvíþættar, – fela í sér bæði ugg og von.

Hannes skáld Pétursson lýsir þessum andstæðu kenndum þegar hann yrkir:

Tvær atómsprengjur fengum við  
í fermingargjöf  
frá heiminum, við  
sem hófumst í tölu manna  
'45  
friðarárið mikla.  
Enn er mér því tamt  
sem áður að setja  
*fram tíð*, þetta orð  
í ósýnilegar gæsalappir.

Vonirnar lifa samt.

Nú vorar hér við sjóinn.

Og utan úr geimnum

eldurinn kemur, sveigður í ljós.

Hér verður vonin óttanum yfirsterkari og eldurinn, sem oft getur verið eyðandi afl, hverfist í ljós hækkandi sólar. Nú er dag farið að lengja og tími til kominn að birta fái að leika um sinni okkar mannanna að nýju.

Í hugum okkar snýst framtíðarvon oft og tíðum um hamingju, – hamingju okkar hvers og eins, en jafnframt sameiginlega auðnu okkar, sjálfa þjóðarhamingjuna.

Við finnum þá að lán okkar er ekki síst fólgið í því að hafa gert það sem í okkar valdi stendur til þess að allir megi njóta lífs síns eftir því sem aðstæður fremst geta

leyft, að allir fái með einum eða öðrum hætti öðlast hlutdeild í sameiginlegum gæðum lands og þjóðar.

Hamingjuna telja allir eftirsóknarverða. En hver er sú hamingja sem við hvert og eitt leitum að? Er hún fólgin í því að komast yfir sem flesta veraldlega hluti? Er hún eltingarleikur við það sem við sjáum í hillungum á næsta leiti en færast ekki nær? Eða er hamingjan draumur sem aldrei rætist vegna óraunsæis og óskhyggju?

Þegar við skoðum hug okkar, vitum við að í þessu er hamingjan ekki fólgin. Hún fæst ekki með lífsgæðakapphlaupi þar sem fólk keppist svo við daglegt amstur að það gefur sér ekki tíma til að rækta hið dýrmætasta sem við eigum, auðinn í mannverunni sjálfri, því án hans tækist okkur ekki að nýta umhverfi okkar til afkomu.

Framtíð og hamingja tengjast órjúfanlega von um velferð barna okkar, – hinnar vaxandi kynslóðar. Að því höfum við áður leitt hugann við áramót. Við megum enga stund gleyma því að hvenær sem við spyrjum hvar við erum á vegi stödd og hvert stefnir, erum við að spyrja um hag barna. Í þeim býr framtíðin. Þau eru stolt okkar og við þau bindum við vonir. Þegar við nú stöldrum við, verða ýmsar spurningar áleitnar: veitum við börnum okkar næga athygli? Gefum við þeim nægan tíma? Næga fræðslu, næga alúð? Reynum við að skjóta okkur undan ábyrgð með því að gauka að þeim snöggsóðinni skemmtun og afþreyingu? Færum við þeim steina í stað brauðs?

Svo yfirþyrmandi getur afþreyingin orðið að hugurinn sljóvgast, frumkvæðið dofnar og mörgum reynist um megn að hafa ofan af fyrir sér og öðrum af eigin rammleik.

Það er fátt sem lærist sjálfkrafa. Aftur á móti er auðvelt að apa það eftir sem fyrir er haft. Börnum þarf að kenna að ekki er alltaf gaman. Ef lífið væri sífelld skemmtun yrði það óbærilegt fyrir en varði. Ekki er hægt að gera sér dagamun öllum stundum. Þá yrði til einskis að hlakka.

Og enn má spyrja: gerir þjóðfélagið allt sem það getur fyrir börnin? Þeirri spurningu verður því miður að svara neitandi, og á ég þá ekki einungis við þau börn sem búa við auðmýkingu fátæktar og vanrækslu. Börn eru víða hornreka líkt og þau ættu ekkert sameiginlegt með fullorðnum.

Við megum minnast þess að öll höfum við verið börn, – þó sumir kunni að vilja gleyma því. Bernskuminningar fyrmast þó aldrei alveg og bernskuhamingja er drýgsta veganestið til lífsgæfu. Hvað úr okkur verður megum við þakka leiðsögn og heilræðum til fararheilla, og því ekki síst að fyrir okkur hafi verið brýnt að við skyldum láta gott af okkur leiða.

Börn þurfa öryggi, þau þurfa kærleika, þau þurfa aga. Börn þarf að fræða og mennta til starfa og þeim þarf að vísa til vegar svo að þau megi skyggast um í heiminum með raunsæjum augum og sjálfstæðum huga. Þá læra þau að glíma við vanda og finna svör við torræðum gátum.

Börn þurfa ekki síst að öðlast virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Með þeim hætti einum tileinka þau sér virðingu fyrir öðrum og þá háttvísi sem er aðal siðmenntaðra þjóða. Séu þau þrúfaldlega skilin eftir einsömul eða með öðrum börnum einvörðungu, víkkar ekki sjóndeildarhringur þeirra og árin færa þeim ekki eðlilegan þroska. Ef við, hin fullorðnu, sinnum ekki þörfum barna okkar, eigum við ekki á góðu von þegar þau eru vaxin úr grasi og þurfa að sinna skyldum sem lagðar eru á þegna sjálfstæðrar þjóðar.

Börn samtímans verða foreldrar þegar fram líða stundir. Okkur ber skylda til að búa þau til framtíðarverka sem best úr garði. Það gerum við best með því að gefa þeim kærleika, festu og aga í farteskið. Og trausta fræðslu. Það ætti ekki einungis að vera okkur keppikefli að standa jafnfætis grannþjóðum okkar í menntun og uppeldi barna,

heldur ættum við að kappkosta að til okkar verði litið sem fyrirmyndarþjóðar á þessu sviði.

Efnahagssumræður eru nú um stundir frekar til athygli og byrgja oft sýn til hinna mannlegu þátta. Víst er það svo að við þurfum traustan fjárhagslegan grundvöll til að dafna. Lítum þó ekki framhjá því, að velmegun er ekki markmið í sjálfu sér, heldur gerir hún okkur kleift að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Efnahagsleg velmegun er forsenda þess að við getum eflt menntun og rannsóknir og tryggt þróun þekkingar í landinu. Velmegun og velfarnaður þjóðarinnar grundvallast svo aftur á menntun og þekkingu, að öðrum kosti verður hún aflvana. Þannig eru hringrásir í lífi þjóðar.

Á hverju ári leiðum við hugann að tíðindum og spurningum um sambúð lands og þjóðar, manns og náttúru.

Öll eigum við okkur þá ósk að sjá landið þrúðbúið í grænni sliktu gróðurs, sem er táknið hagsældar og hamingju þegna sem úr kunna að vinna. Og skammt er þá til þeirrar framtíðarsýnar að Íslendingar geti orðið forystuþjóð, sem að kveður, á sviði umhverfismála. Enda þótt að mörgu sé að hyggja í umhverfismálum hér á landi og ekki sé allt eins og best verður kosið, búum við enn í lítt spilltu landi.

Ég er þess fullviss að með framtakssemi og dugnaði getum við hreinsað landið og komið í veg fyrir að frekar verði spillt því sem fyrir er. Þjóð sem þekkir kosti lands síns og leggur kapp á að rýra þá ekki, – heldur rækta – nýtur virðingar. Sé slíkri stefnu fylgt með ráðum og dáð getum við heilshugar talað svo rödd okkar heyrir á alþjóðavettvangi.

Nú má spyrja: hvers geta Íslendingar vænst af því að eiga umhverfishreina rödd meðal þjóða heims? Því er til að svara að víða um lönd leiða menn ekki hugann að Íslandi nema við eigum við þá erindi. Nemi menn rödd okkar kæra þeir sig kollótta um íbúafjölda landsins. Reisin þjóðar fer ekki eftir stærð hennar.

Minumst þess líka að sífellt eykst umhyggja manna fyrir gjöfum náttúrunnar og góðri heilsu. Það er forn viska og sígild að í hraustum líkama býr heilbrigð sál.

Fá lönd búa yfir jafn fjölbreytilegum heilsulindum og Ísland. Hér er vatnið hreint og loftið tært. Þeirra ómetanlegu gæða njóta land og þjóð. Víðs vegar um heim þráir fólk ekkert fremur en hreinleika þessara náttúruauðlinda. Þess vegna eru fáar þjóðir betur til þess fallnar en við Íslendingar að reisa heilsustöðvar þar sem við sjálf og erlendir gestir okkar ættum þess kost að efla heilbrigði til líkama og sálar.

Í ljóðinu sem ég vitnaði til í upphafi máls míns var ort um stríð og birtu vonarinnar. Á hinu viðburðaríka ári sem nú er liðið vorum við margfaldlega minnt á hve fallvölt bygging heimsins getur verið. Fyrir ári var uggvænleg styrjöld í nánd. Hún verður lengi í minnum höfð, ekki síst vegna þess að meðan á henni stóð fluttu fjarsskiptatæki nútímans rimmur hennar jafnharðan inni í stofur okkar, – án þess þó að við skynjuðum beinlínis þær hörmungar sem stríði fylgja.

Persaflóastríðið var einnig dapurleg áminning um að ekki er friður tryggður þótt risarnir í austri og vestri hafi tekist í hendur.

Hörmuleg styrjöld í Júgóslavíu, þar sem bræður berjast, vekur ugg og efa um að sáttfýsi og bræðralag fylgi í kjölfar þess sem við köllum framfarir nú í lok tuttugustu aldar.

Ennfremur erum við vitni að því að stórveldið Sovétríkin leysist upp á örskammri stundu og verður að sambandi sjálfstæðra ríkja. Á sama tíma leitast þjóðir Evrópu við að sameinast að hluta til og þurrka út landamæri.

Þessi tíðindi vekja blendnar tilfinningar sem vonlegt er. Erfitt er að spá um framvindu mála en samt skulum við vænta þess að núverandi óvissa breytist í von og

velfarnað þeirra þjóða sem hlut eiga að máli, hvort heldur miðflóttaoöfl eða miðsækin öfl ráða ferð.

Heimsmynd margra hefur gjörbreyst. Er von að einhver spyrji: hvar er öryggi að finna?

Tíðindi sem þessi snerta okkur Íslendinga ekki síður en aðra. Við veltum því fyrir okkur hvernig samskiptum okkar við bandalag evrópskra þjóða verður háttað og hvort breytinga sé að vænta í samstarfi Norðurlanda, sem okkur hefur þótt standa okkur næst um langan aldur.

Óvissa um framtíð þjóða og þjóðaheilda er áleitin við þessi áramót. Hún hefur áhrif á hugleiðingar okkar um stöðu íslensku þjóðarinnar og framtíð hennar. Þegar eitthvað bjátar á hjá okkur sjálfum kyndir þetta ástand undir öryggisleysi og kann að verða til þess að sumum þyki vandfetað fram á veg.

Það hefur lengi verið sagt að enginn sé búmaður nema hann berji sér. Samt er það svo að við látum bæði vanda heimsins og örðugleika heima fyrir magna kvíða og svartsýni svo mjög að við liggur að þjóðin sé dregin niður í vonleysi.

Góðir Íslendingar.

Það eru forréttindi að eiga þetta land sem enginn getur skipað okkur að láta af hendi, eiga þessa tungu sem enginn getur frá okkur tekið nema þá við sjálf í andvaraleysi. Að eiga saman, einmitt á íslenskri tungu, minningar og þjóðararf.

Í rás aldanna hefur íslensk þjóð tekist á við margs konar þrengingar og sigrast á þeim. Við eigum þolgæði og festu liðinna kynslóða það að þakka að nú á dögum eru fáar þjóðir jafn auðugar og við. Því er það undrunarefni að hinir tímabundnu örðugleikar sem við eigum nú við að etja skuli uppvekja slíkan bölmóð sem raun ber vitni, – jafnvel á ólíklegustu stöðum. Bölmóður leiðir af sér doða, doði fæðir af sér framtaksleysi. Bölmóður er háskalegur sálarheill barna og unglinga sem heyra meira en okkur grunar og trúá öllu sem sagt er. Kvíða þeirra er ekki eins auðvelt að uppræta og til hans að sá.

Látum ekki leiðast í þann vítahring sem verður til af virðingarleysi manna fyrir þeim sjálfum.

Við erum dugmikil þjóð. Örðugleikar okkar nú um stundir blikna í samanburði við þrengingar formæðra okkar og forfeðra. Við munum sigrast á þeim með birtu hugans, afli handanna og auðlegð andans.

Gleðilegt nýtt ár.

Megi farsæld og guðsblessun fylgja Íslandi og íslenskri þjóð á árinu sem nú fer í hönd og um alla framtíð.